

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna afþreyingar- og ferðamannasvæðis við Jökulsárlón.

Skipulagsstofnun staðfesti 22. maí 2020 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 16. janúar 2020.

Í breytingunni felst að afþreyingar- og ferðamannasvæði AF16 austan Jökulsár á Breiðamerkursandi stækkar úr 25 í 45 ha og skilmálum þess er breytt. Legu hringveggar 1 og háspennulínu við Jökulsá er breytt og mörk Vatnajökulsþjóðgarðs uppfærð.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 22. maí 2020.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 9. júní 2020